



Viðbragðsáætlun Litlu Ása vegna Covid 19

Börn mæta heil heilsu í leikskólann

Samkvæmt fyrirmælum frá Almannavörnum eiga börn eiga ekki að mæta í skóla með kvef einkenni, verði þeirra vart þarf að fara í PCR próf.

Engin frekari útfærsla á því hvernig þessu er framfylgt innan leikskólans og við vitum að ung börn eru oft með kvef og því getur þetta komið foreldrum og okkur oft í erfiða stöðu. Allir vilja hjálpast að og kennarar vilja svo sannarlega gera allt sem þeir geta til að auðvelda fjölskyldum leikskólans lífið. Því getur stundum reynst erfitt að framfylgja þessum fyrirmælum í leikskólum. Því biðjum við foreldra um að standa með okkur í að framfylgja þessu og virða þær leiðbeiningar sem við fáum frá Sóttvarnaryfirvöldum.

Meginmarkmið okkar er að skapa umhverfi þar sem börnum líður vel í leik og starfi og hvíld frá umræðu um kórónuveirusmit. Við hikum hins vegar ekki við að taka umræðuna á rólegan og yfirvegaðan hátt vakni hún hjá barnahópnum.

Móttaka barna og skil í lok dags

- ❖ Grímuskylda er í leikskólanum fyrir foreldra.
- ❖ Við tökum á móti börnum fyrir utan fataklefa á Gula- og Grænakjarna og fyrir utan hurð inn á Yngri einingu - Blá- og Rauðakjarna.
- ❖ Biðjum foreldra að ein manneskja komi í senn að sækja börn.
- ❖ Hvetjum foreldra til að stoppa eins stutt við þegar komið er með börn og þau sótt.
- ❖ Við bjóðum foreldrum að hringja til þeirra ef þörf er á að spjalla saman.
- ❖ Ef veður leyfir þá er alltaf betra að skila börnum á útisvæði.
- ❖ Við hvetjum foreldra til að láta útikennara vita þegar barn er sótt.

Hólfun leikskólans

Leikskólanum er skipt niður í 2 hólf

- ❖ Eldri eining.
 - Guli- og Grænikjarni ásamt stoðþjónustu Eldri einingar.
- ❖ Yngri eining.
 - Rauði- og bláikjarni ásamt stoðþjónustu Yngri einingar.

Fjarvera og viðbrögð við fáliðun kennara

- ❖ Kennarar hafa samband við kjarnastýru á milli 7:00 - 7:30 ef þeir mæta ekki til að hægt sé að gera ráðstafanir með mönnun í leikskólanum.
- ❖ Við biðjum foreldra um að láta vita ef barn er í fríi í leikskólanum með því að senda tölvupóst á kjarnastjóra eða hringja. Gott að fá upplýsingarnar fyrir kl. 8:00 þannig að ekki sé verið að senda of mörg börn heim komi til þess.
- ❖ Ef of mikill fjöldi er af börnum miða við fjölda kennara þá kanna hvort svigrúm sé til samvinnu við vinakjarna sem er í sama hólf. Ef ekki þá meta hversu mörg börn þarf að senda heim nú eða hvort nóg sé að stytta viðveru og biðja um að sækja fyrir þann dag.
- ❖ Ef þörf er á að senda börn heim eða stytta viðveru þá senda kennarar tölvupóst til foreldra þeirra barna sem við þurfum að senda heim. Við biðjum foreldra því að fylgjast vel með tölvupóstinum og senda okkur til baka staðfestingu á að tölvupósturinn sé móttekin.
- ❖ Halda skráningu yfir þau börn sem eru send heim þannig að það skiptist sanngjarnt á milli þeirra barna sem eru send heim. Skoða sérstaklega ef við erum að senda barn heim sem á systkini í leikskólanum þannig að systkini séu ekki send heim dag eftir dag.

Skráning til að auðvelda smitrakningu

- ❖ Hver dagur er skráður bæði þau börn sem mæta og eru heima. Einnig þeir kennarar sem eru á kjarnanum tiltekinn dag. Einnig skráum við ef einhver börn hafa fengið boð frá okkur um að vera heima.
- ❖ Gott er taka mynd af viðverulistanum ef til þess kemur að við þurfum að fara í smitrakningu að kvöldi til eða um helgi. Oft þarf að horfa til nokkurra daga aftur í tímann.
- ❖ Leikskólastýra um senda fyrirspurning á facebook spjallþráð Einingarinnar til að fá frekari upplýsingar ef þess þarf.

Smitrakning og niðurstöður úr PCR sýnatöku

- ❖ Ef leikskólastýra/kjarnastýra/kennarar fá skilaboð frá foreldri um Covidsmit á heimili eða að barn er komið í sóttkví eða komin með staðfest Covid smit úr sýnatöku þá koma þeim upplýsingum áleiðis á facebook spjallþráði Einingarinnar eftir því sem við á.
 - Hólfun - Eldri eining.
 - Hólfun - Yngir eining.Til þess að Einingin hafi öll góða yfirsýn yfir stöðuna í hólfinu.
- ❖ Leikskólastýra kallar eftir upplýsingum hjá kjarnastýru/kennurum um mætingu þá daga sem þarf að skoða og mögulega samskipti á milli kennara kjarnanna á Einingunni.
 - Ef smit hjá barni þá þarf að hafa daginn sem barnið fékk jákvæða niðurstöðu úr sýnatöku.
 - Ef smit hjá foreldri þá þarf að hafa daginn sem foreldrið kom síðast í leikskólann.
- ❖ Leikskólastýra hefur samband við smittrakningarteymið eftir að upplýsingar frá kjarna/einingu hafa borist og fer yfir stöðuna, fá staðfestingu á útsetningardegi. Einnig er metið hverjir fara í sóttkví og hvenær farið er í PCR próf.
- ❖ Leikskólastýra sendir tölvupóst til foreldra þeirra barna sem fara í sóttkví og til allra foreldra í leikskólanum til að allir séu upplýstir um stöðuna.
- ❖ Leikskólastýra sendir upplýsingar til smittrakningarteymis með nöfnum ásamt símanúmerum og tölvupóstföngum hjá þeim sem fara í sóttkví.
- ❖ Smittrakningarteymið sendir þeim sem fara í sóttkví tilkynningu um sóttkví og strikamerki í PCP sýnatöku á síðasta degi sóttkvíar.
- ❖ Leikskólastýra setur tilkynningu inná facebooksíðu - Starfsfólk Litlu Ása - til að við séum öll upplýst um stöðuna í húsi.
- ❖ Kennarar sem sendur voru í sóttkví láta vita um niðurstöðu PCR sýnatöku inn á spjallþráði Einingarinnar um leið og niðurstöður berast. Svo kjarnastýra geti skipulagt næsta dag með tilliti til fjölda barna og kennara.

Samskipti við fjölskyldur sem eru í sóttkví eða í einangrun.

Við höldum góðu sambandi við fjölskyldur barna sem eru í sóttkví eða einangrun því öllum er okkur umhugað um velferð og líðan þeirra.

- ❖ Kjarnastýrur hafa reglulega samband við fjölskyldurnar okkar sem eru í sóttkví eða einangrun til að fá fréttir af líðan og deila þeim með Einingunni á spjallþráði einingarinnar.

Þrif á kjarna/einingu

Þrif yfir daginn

- ❖ Regluleg og sótthreinsun á snertiflötum yfir daginn.
 - Hurðarhúnar
 - Ljósrofar
 - Skápahöldur
 - Salerni
 - Blöndunartæki
 - Borð
 - Stólar
- ❖ Hvíldardót þrifið einu sinni í viku - Sjá skipulag þrifa á hurðinni inn í þvottahús.

Þrif í lok dags

- ❖ Sótthreinsun og þrif á skiptiaðstöðu barna og salerni.
- ❖ Sótthreinsa alla snertifleti.
 - Hurðarhúna
 - Ljósrofar
 - Skápahöldur
 - Salerni
 - Blöndunartæki
 - Borð
 - Stólar
 - Leikpúðasett
 - Fatahólf í fataklefa
 - Leikefni
- ❖ Hafa minna af leikefni/viðbótarefnivið fyrir hvern dag og leikefnið er þrifið í lok dags.
- ❖ Leir sem notaður er yfir daginn er skipt í tvennt fyrir fyrra og seinna val og hent í ruslið eftir notkun. Nýr leir er gerður í lok dags.